

## **Bæjarstjórn Fjallabyggðar.**

B.t. Elías Péturssonar, bæjarstjóra og  
Ingibjargar Guðlaugar Jónsdóttur,  
forseta bæjarstjórnar.

Reykjavík, 19. ágúst 2020.

### **Efni: Árangurslausar viðræður á grundvelli fimm liða samkomulags Selvíkur ehf. og Fjallabyggðar.**

Við vísum til erindis frá Fjallabyggð, dags. 31. júlí 2020, þar sem hafnað er tillögu okkar í viðræðuhópi um lausn á ágreiningi við framkvæmd samkomulags milli Selvíkur ehf. (áður Rauðka ehf.) og Fjallabyggðar, dags. 28. apríl 2012.

#### **Um tillöguna og afstöðu Fjallabyggðar.**

Á vettvangi viðræðuhópsins höfum við lagt ríka áherslu á að aðilar komi sér saman um efndir og trúverðugar áætlanir um framvindu þeirra verkefna sem standa út af í framangreindu samkomulagi. Nánar tiltekið er um að ræða framkvæmdir við miðbæ Siglufjarðar og á Leirutanga. Við höfum talið það nauðsynlegt svo ljúka megi þessum verkefnum og á sama tíma endurvekja traust milli samningsaðila.

Á fjórum fundum viðræðuhópsins á tímabilinu 30. mars til 13. maí sl. óskuðum við eftir skriflegu innleggi frá fulltrúum Fjallabyggðar þar sem fram kæmu áætlanir bæjarins um framkvæmdir á kjörtímabilinu. Á öllum fundunum var þessu hafnað af hálfu fulltrúa Fjallabyggðar. Á fundi hinn 13. maí sl. kváðust þeir þó reiðubúnir til að hugleiða að endurskoða þessa afstöðu sína. Í ljósi þessarar tregðu fulltrúa Fjallabyggðar töldum við að viðræður hópsins myndu bera takmarkaðan árangur að óbreyttu. Var Fjallabyggð því tilkynnt að leitað yrði eftir aðkomu oddamanns samkvæmt tilnefningu Lagastofnunar Háskóla Íslands, sbr. heimild í samkomulaginu.

Þegar þetta hafði verið tilkynnt brugðust fulltrúar bæjarins í viðræðuhópnum loks við og sendu okkur hinn 31. maí sl. innlegg sitt í minnisblaði. Í minnisblaðinu segir að bæjarstjóri hafi stuðning kjörinna fulltrúa bæjarins til að klára framkvæmdir við miðbæ Siglufjarðar og á Leirutanga. Segir jafnframt að ítrekað hafi verið skýrt frá þeirri ætlun Fjallabyggðar að ljúka verkefninu á yfirstandandi kjörtímabili. Er þetta áréttað í bréfi Fjallabyggðar 31. júlí sl. Segir svo nánar í minnisblaðinu:

- að ekki sé „óvarlegt að áætla að framkvæmdum geti verið að fullu lokið haustið 2022“;
- að fyrirvari sé gerður um aðkomu Vegagerðarinnar;
- að fyrirvari sé gerður um að „hönnuðir skili tillögum haustið 2020“;
- að fyrirvari sé gerður um að „hægt verði að að bjóða út framkvæmdir í febrúar 2021“;
- að fyrirvari sé gerður um að framkvæmdir „geti þá hafist vorið 2021“.

Þótt vissulega sé í minnisblaðinu að finna þessi tímasettu viðmið, sem verða grundvöllur túlkunar á skuldbindingu Fjallabyggðar skv. samkomulaginu þegar líður nær lokum yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar, þóttu okkur fyrirætlanirnar um margt óskýrar og bundnar óþarflega miklum fyrirvörum.

Á fundi viðræðuhópsins með oddamanni í Háskóla Íslands 16. júlí sl. gerðum við því tillögu til sátta með hliðsjón af minnisblaði Fjallabyggðar. Fól hún ekki í sér breytingu á samkomulaginu, heldur einungis nánari útfærslu á efndum og tímasetningu verkefna, þannig að:

- Gerð kostnaðaráætlana og hönnun skyldi lokið eigi síðar en 31. október 2020.
- Samþykkt yrði fjárhagsáætlun í samræmi við kostnaðaráætlanir eigi síðar en 31. desember 2020.
- Útboðum verkefna og samningsgerð yrði lokið eigi síðar en 31. mars 2021.
- Framkvæmdir skyldu hefjast eins fljótt og auðið væri, en eigi síðar en í maí 2021.
- Framkvæmdum skyldi lokið eigi síðar en 30. september 2022.
- Fyrirvari yrði gerður um aðkomu Vegagerðarinnar að því er varðar gatnagerð í miðbæ Siglufjarðar.
- Tafir vegna aðkomu Vegagerðarinnar í miðbænum skyldu ekki hafa áhrif á áætlanagerð og/eða framkvæmdir á Leirutanga.
- Gengið yrði út frá því í samkomulaginu að eðlilegum málsmeðferðarreglum samkvæmt sveitarstjórnar- og stjórnarsýslulögum væri fylgt.
- Tillaga oddamanns, sem skipaður var af Lagastofnun HÍ til að taka þátt í viðræðunum, um stofnun samráðshóps yrði hluti samkomulagsins.

Sem fyrr segir var tillögu okkar hafnað með bréfi Fjallabyggðar 31. júlí sl. Vekur sú afstaða verulega undrun, enda stendur hún ekki í neinu samhengi við yfirlýsingar um væntanlegar efndir samkomulagsins. Fyrir afstöðu Fjallabyggðar eru færð tvenn rök:

*Annars vegar* að framkvæmdirnar séu háðar aðkomu utanaðkomandi aðila og því forsendum sem sveitarfélagið geti ekki stjórnað.

Í tillögu okkar var sérstakur fyrirvari vegna aðkomu Vegagerðarinnar. Þótt látið sé að því liggja hefur ekki verið sýnt fram á að um aðra aðila geti verið að ræða og þá eingöngu í tilfelli miðbæjarins. Þetta sjónarmið Fjallabyggðar getur því ekki verið raunveruleg ástæða synjunar sáttatillögunnar.

*Hins vegar* að stærri útgjaldaákvæðanir verði að taka mið af lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins og fjárhagslegri afkomu þess hverju sinni og því væri óábyrgt fyrir sveitarfélagið að útfæra nánar samkomulag aðila eins og við lögðum til.

Í tillögu okkar var tekið fram að lögum og reglum um málefni sveitarfélaga yrði fylgt, þótt ekki hefði í reynd þurft að geta þess sérstaklega. Eðli máls samkvæmt takmarkast svigrúm til framkvæmda af lögum og reglum sem um starfsemi Fjallabyggðar gilda. Þessi röksemd fyrir að synja tillögu okkar stenst því ekki frekar en sú fyrri. Væri þessu sjónarmiði almennt fylgt í starfsemi bæjarins myndi hann væntanlega ekki gera neina samninga til framtíðar vegna annarra verkefna en þeirra sem eru lögbundin. Þetta er augljóslega ekki raunin, sbr. m.a. samkomulag aðila frá 28. apríl 2012. Þetta sjónarmið getur því heldur ekki verið raunveruleg ástæða synjunar sáttatillögunnar, sem er mjög hófstíllt.

Að auki má nefna að bærarstjóri vék ítrekað að því á fundum viðræðuhópsins að fjárhagsstaða bæjarins væri sterk og ekki ástæða til að efast um getu til að ráðast í framkvæmdirnar. Þá hefur bærarstjórn sérstaklega lýst því yfir að til standi að efna samkomulagið frá 28. apríl 2012 á yfirstandandi kjörtímabili, sbr. minnisblaðið frá 31. maí og bréfið frá 31. júlí sl. Hefur ennfremur verið ágreiningslaust á vettvangi viðræðuhópsins, m.a. á grundvelli álits oddamanns Lagastofnunar Háskóla Íslands, Friðriks Árna Friðrikssonar Hirst, að samkomulagið sé nú þegar skuldbindandi fyrir Fjallabyggð.

Í ljósi þess hversu haldlítil rök eru færð gegn því að ganga til samkomulags við Selvík um efndir og framvindu þessara verkefna, sem horfa til almannaheilla fyrir íbúa sveitarfélagsins, getum við ekki annað en dregið í efa vilja Fjallabyggðar til efnda þrátt fyrir yfirlýsingar um hið gagnstæða. Okkur virðist sem yfirlýsingarnar séu gefnar til að ýta vandamálinu áfram og drepa því á dreif.

### **Átta ára dráttur efnda**

Sá ágreiningur sem leiddi til formlegra viðræðna á grundvelli samkomulagsins laut að drætti sem orðið hefur á efndum. Átta ár eru liðin frá gerð samkomulagsins og framkvæmdir vegna liða 1 og 2 eru afar skammt á veg komnar af hálfu Fjallabyggðar. Eftir ítarlega skoðun á vettvangi, og á gögnum og upplýsingum um framkvæmdirnar teljum við óumdeilanlegt að því fari víðs fjarri að eðlileg eftirfylgni hafi verið af hálfu bæjarstjórnar á skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu. Nær væri að tala um yfirklor í því sambandi.

Sem fyrr segir reyndist það okkur afar erfitt á vettvangi viðræðuhópsins að fá fram stefnumið Fjallabyggðar í ferlinu. Hópurinn hafði starfað í um tvo mánuði áður en þau voru sett fram í framangreindu minnisblaði frá 31. maí sl. Gátum við því vart annað en tekið undir með Selvík að vilji Fjallabyggðar virtist meira í orði en á borði. Í því sambandi hefur verulega þýðingu að Fjallabyggð gerði ekki ráð fyrir umræddum framkvæmdum í fjárhagsáætlun sinni fyrir tímabilið 2020-2023. Þrátt fyrir ágæta fjárhagsstöðu virtist Fjallabyggð þannig alls ekki stefna að því að efna samkomulagið og ljúka framkvæmdum áður en áratugur væri liðinn frá gerð þess. Getur það hvorki talist trúverðugt merki um efndavilja né sérstaklega vönduð stjórnsýsluframkvæmd.

Okkar vonir stóðu til þess að almenn stefnumið Fjallabyggðar lægju fyrir þegar viðræður hæfust í lok mars, enda þá um tveir mánuðir liðnir frá því Selvík óskaði eftir því að viðræðuhópur yrði skipaður. Ennfremur að verkefni hópsins væri þá samstarf um að útfæra nánar næstu skref og komast að sameiginlegri niðurstöðu um þau. Það eru okkur og Selvík mikil vonbrigði að slíkum málaleitunum hafi verið synjað á öllum stigum viðræðna, nú síðast með bréfi dags. 31. júlí sl.

Að okkar áliti hafa engar trúverðugar skýringar verið gefnar á þessari afstöðu Fjallabyggðar eða fulltrúa bæjarins í viðræðuhópnum. Þá getum við ekki tekið undir að veruleg gangskör hafi verið gerð að því síðustu mánuði að hefja vinnu við efndir samkomulagsins varðandi framkvæmdir við miðbæ og Leirutanga.

### **Ólögmat starfsemi og hugsanlegir hagsmunarárekstrar**

Að lokum viljum við vekja sérstaka athygli á, að við höfum í viðræðunum gert kröfu um að Fjallabyggð tryggi að starfsemi Báss ehf. á Leirutanga sé í samræmi við lög og reglur og gildandi starfsleyfi, eftir atvikum með fulltingi þar til bærra yfirvalda. Tengist það efndum bæjarins á framkvæmdum og uppbyggingu við Leirutanga. Er vart ágreiningur um að starfsemi Báss ehf. hefur að hluta farið fram utan lóðarmarka, með tilheyrandi umhverfisáhrifum sem geta ekki talist ásættanleg fyrir sveitarfélagið. Þessari kröfu hefur jafnframt verið hafnað af hálfu Fjallabyggðar. Okkur þykir það afar sérkennilegt, að bæjarstjórn skuli líta framhjá starfsemi sem fer fram í andstöðu við lög og reglur, í andstöðu við markmið samkomulagsins frá 28. apríl 2012 og í andstöðu við hagsmuni almennings og umhverfis á Siglufirði.

Að gefnu tilefni óskuðum við eftir upplýsingum um hagsmunatengsl fulltrúa Fjallabyggðar í viðræðuhópnum við Bús ehf., en í ljós kom að viðkomandi var lögmaður Báss ehf. í dómsmáli gegn okkar umbjóðanda fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra, að því er varðar framtíðarstarfsemi Báss á Leirutanga. Fullnægjandi svör bárust ekki frá Fjallabyggð og engin svör frá umræddum fulltrúa sveitarfélagsins um þessi tengsl. Gerum við alvarlega athugasemd við þessi vinnubrögð og teljum hana til merkis um óvandaða stjórnsýsluhætti.

\*\*\*

Í ljósi alls ofangreinds lítum við svo á að viðræðuhópurinn hafi lokið störfum án niðurstöðu og viðræðurnar hafi verið árangurslausar. Tilraunir Selvíkur til að knýja á um efndir samkomulagsins verða því að fara fram á öðrum vettvangi.

F.h. Selvíkur ehf. er farið fram á að þetta bréf verði birt á fundargátt Fjallabyggðar.

*Birgir Tjörvi Pétursson*  
*Guðmundur Kristján Jónsson*